

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða launamenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Þjóðhagsspár og landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi 2016
2. Vinnumarkaðurinn í apríl 2016
3. Verðbólgan í maí 2016
4. Aukin verðbólga á næstu misserum?
5. Bjartsýni meðal almennings og stjórnenda fyrirtækja

1. Þjóðhagsspár og landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi 2016


Nýlega hafa verið birtar fimm þjóðhagsspár sem allar benda til mikils hagvaxtar á næstu árum. Á árinu 2016 er gert ráð fyrir 3,8% hagvexti á mann samanborið við 2,8% árið 2015. Gangi spárnar eftir verður landsframleiðsla á mann árið 2016 orðin meiri en árið 2007, þetta má sjá á mynd 1. Nokkur munur er á spám, bjartsýnasta spáin fyrir 2016 gerir ráð fyrir 5,4% hagvexti á árinu en sú svartsýnasta 4,3%. Hið sama á við um árið 2018 en þar gerir bjartsýnasta spáin ráð fyrir 4,4% hagvexti en sú svartsýnasta 2,6%.

Hagvöxtur eftir hrún hefur verið mun heilbrigðari en hagvöxturinn fyrir hrún. Með því er átt við að hagvöxtur seinustu ára hefur ekki verið knúinn áfram af aukinni skuldsetningu heimila og fyrirtækja líkt og árin fyrir hrún. Þvert á móti hefur skuldsetning heimila og fyrirtækja farið lækkandi undanfarin ár þó einhverjar vísbendingar séu um að skuldsetning fyrirtækja sé farin að aukast á ný.


Greiningaraðilar spá allir aukinni verðbólgu þó nokkur munur sé á spám. Að meðaltali er gert ráð fyrir 2% verðbólgu 2016, 3,3% árið 2017 og 3,5% árið 2018, þetta er sýnt á mynd 2. Nokkur munur er á spám greiningaraðila líkt og gráa svæðið á mynd 2 sýnir en hóflegasta spáin gerir ráð fyrir að verðlag muni hækka um samanlagt 7,5% frá 2016 til 2018 á meðan svartsýnasta spáin gerir ráð fyrir því að verðlag hækki um 10,3% á tímabilinu.

Umtalsverð óvissa fylgir spám nokkur ár fram í tímann en í nýjustu spá Seðlabanka Íslands eru taldar 90% líkur á því að verðbólga verði innan 2,3% og 7% í lok árs 2017 sem er stórt bil og sýnir hversu mikil óvissa er í spánni. Þá fylgir einnig mikil óvissa hvað varðar þróun verðlags í kjölfar afnáms hafta en sveiflur í gengi krónunnar hafa mikil áhrif á verðbólgu á Íslandi.

Mynd 1 – Landsframleiðsla á mann og spá greiningaraðila
Vísitala = 100 árið 2000



Mynd 2 – Verðbólga og spá greiningaraðila



Landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi 2016

Landsframleiðsla á 1. ársfjórðungi 2016 jókst um 4,2% samanborið við 1. ársfjórðung 2015. Aukningin var að mestu leyti drifin áfram af fjárfestingu og einkaneyslu. Þetta má sjá á mynd 3 en hún sýnir einnig að utanríkisviðskipti höfðu neikvæð áhrif á hagvöxt, þ.e. innflutningur jókst meira en útflutningur.


Það er mjög mikilvægt að leiðrétta fyrir fjölgun Íslendinga þegar fjallað er um landsframleiðslu og hagvöxt. Sé það gert fæst að landsframleiðsla á mann á 1. ársfjórðungi 2016 jókst um 2,8% samanborið við 1. ársfjórðung 2015.

Einkaneysla, þ.e. neysla heimila á vöru og þjónustu, jókst um 7,1% á 1. ársfjórðungi 2016 samanborið við 1. ársfjórðung 2015. Þó aukningin sé mikil er hún ekki í takt við aukningu kaupmáttar útborgaðra launa sem jókst enn meira eða um 11%. Mynd 4 sýnir samanburð á breytingu í einkaneyslu milli ára og kaupmætti launa m.v. Kaupmáttarvísitölu VR. Þar má sjá að fyrir hrun jókst einkaneysla töluvert meira en kaupmáttur sem er merki um aukna skuldsetningu einstaklinga. Frá hruni hefur aukning í kaupmætti og einkaneyslu haldist í hendur þar til á 1. ársfjórðungi 2016 þegar kaupmáttur jókst umtalsvert meira en einkaneyslan. Miðað við hversu vel þessar stærðir hafa haldist í hendur frá upphafi árs 2000 má gera ráð fyrir því að einkaneysla muni taka nokkurn kipp á næstunni. Það sem þó gæti komið í veg fyrir slíkt er breytt viðhorf Íslendinga gagnvart skuldsetningu og að stór hluti launahækkunarinnar fari í að greiða niður skuldir í stað aukinnar neyslu.


2. Vinnumarkaðurinn í apríl 2016

Atvinnuleysi mældist 4,9% í apríl 2016 samanborið við 5,6% í apríl 2015. Þá var hlutfall starfandi 79,9% samanborið við 77,5% í apríl 2015. Vegna þess hve mikið tölur um atvinnuleysi og hlutfall starfandi sveiflast milli mánaða er gagnlegt að skoða stefnu (e. trend) þessara mælikvarða. Mynd 5 sýnir þessa þróun en þar má sjá að atvinnuleysi er á svipuðum slóðum og í ársbyrjun 2003. Hlutfall starfandi (þ.e. fjöldi þeirra sem er með vinnu í hlutfalli við mannfjölda á sama aldri) er nú hið sama og í janúar 2006.


Mynd 3 – Hagvöxtur og hlutdeild undirliða hagvaxtar



Mynd 4 – Þróun einkaneyslu og kaupmáttar 12 mánaða breyting



Mynd 5 – Hlutfall starfandi og atvinnuleysi



Vinnutími dróst saman um 5% í hruninu og hefur haldist á svipuðu róli frá upphafi árs 2009. Engar vísbendingar eru um að vinnutíminn sé aftur farinn að aukast. Nokkuð var um að sett væri á yfirvinnubann eftir hrun vegna sparnaðar sem gæti átt þátt í þessari breytingu. Engin haldbær gögn eru til um það hvort launamenn vilji auka við vinnutímann í takt við það sem tíðkaðist fyrir hrun eða hvort breytt viðhorf sé gagnvart lengri vinnutíma og fólk kjósi styttri vinnuviku en áður.


3. Verðbólgan í maí 2016

Verðbólga mældist 1,7% í maí 2016 sem er örlítið yfir spám greiningaraðila sem spáðu verðbólgu á bilinu 1,5-1,6%. Verðbólgan hefur nú verið undir 2,5% markmiði Seðlabankans í 28 mánuði. Spár greiningaraðila til næstu þriggja mánaða benda til þess að verðbólga verði á bilinu 1,3-1,8% í ágúst. Verðbólga án húsnæðis er enn mjög lág og mældist 0,3% í maí 2016. Þar sem hrávöruverð hefur lækkað mjög mikið seinasta árið og krónan hefur verið að styrkjast getur verið gagnlegt að reyna að einangra verðbólgu sem á sér stað innanlands. Slíkt er þó vandasamt en sá mælikvarði sem almennt er stuðst við sýnir að innlend verðbólga var nær -1% í lok árs 2014 en mældist 2,7% í maí 2016. Það er því enn ekki að sjá að verðbólga sé farin að aukast líkt og búist var við í kjölfar seinustu kjarasamninga.


4. Aukin verðbólga á næstu misserum ?

Verðbólga hefur verið lægri en greiningaraðilar gerðu ráð fyrir að yrði í kjölfar launahækkana. Hluta af ástæðunni má rekja til þess að verðbólga erlendis hefur verið með lægsta móti ásamt því að olíuverð hefur fallið um helming. Lægra olíuverð og innkaupsverð annarra aðfanga erlendis frá jók að einhverju leyti svigrúm fyrirtækja til að taka á sig kostnaðarauka vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Mynd 8 sýnir þróun á hrávörum á heimsmarkaði en þar má sjá að það er ekki aðeins olían sem hefur lækkað mikið í verði heldur einnig matar- og drykkjarvörur og aðföng til iðnaðar. Þá eru vísbendingar um að hrávöruverð hafi náð botninum og sé farið að hækka á ný. Áframhaldandi hægagangur í Kína og fleiri nýmarkaðsríkjum gæti þó snúið þeirri þróun við og hrávöruverð haldist áfram lágt.


Mynd 6 – Fjöldi vinnustunda á viku
Venjulegar vinnustundir, leitni.



Mynd 7 – Mismunandi mælikvarðar verðbólgu og spá greiningaraðila



Mynd 8 – Heimsmarkaðsverð hrávöru



Hrávörurverð, skattabreytingar og húsnæðisverð skýra verðbólgu 2011 og 2012

Vera má að horft hafi verið um of á tímabilið 2011 til 2012 þegar greind voru áhrif launahækkana á verðbólgu árið 2015. Árið 2011 fór verðbólgan af stað á svipuðum tíma og kjarasamningsbundin launahækkun kom til en ástæðan var þó ekki 4,25% hækkun launa heldur mikil hækkun á hrávörum svo sem olíu, sojabáunum, maís, hveiti, kaffi o.fl. ásamt veikingu á gengi krónunnar og áttu launin eflaust lítinn þátt í verðbólgunni í það skipti. Þetta sést best t.d. með því að bera verðbólgu á Íslandi saman við verðbólgu í Bretlandi 2011 til 2012 en mynd 9 sýnir þann samanburð. Verðbólga í Bretlandi fór hæst yfir 5% í september 2011 en hjaðnaði eftir það.

Það sem mynd 9 sýnir einnig er að verðbólgan á Íslandi hjaðnaði ekki 2012 líkt og í Bretlandi. Það þarf þó ekki að vera vegna launahækkana hálfu ári áður. Ástæða mikillar aukningar í verðbólgu í janúar 2012 var þær breytingar sem gerðar voru á skattkerfinu en tafla 1 sýnir breytingar á skattkerfinu milli 2011 og 2012. Þessar breytingar leiddu til þess að 12 mánaða hækkun á bensíni í janúar 2012 var 13,9%. Þá var húsnæðisverð einnig byrjað að taka við sér og var 12 mánaða hækkunin í janúar 2012 8,5%. Þessi kippur í húsnæðisverði stóð þó stutt og gekk verðbólgan niður á Íslandi nokkru seinna.


Spár hafa ekki gengið eftir

Í ágúst 2015 spáði Seðlabanki Íslands 4,3% verðbólgu á fyrsta ársfjórðungi 2016 en raunin varð 1,9%. Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins frá febrúar 2015 teiknaði upp álíka svarta mynd en innan árs, þ.e. í upphafi árs 2016, hefði verðbólgan átt að vera komin langleiðina í 8% og stýrivextir í nánd við 10% m.v. launahækkanir seinasta árið. Ekkert af þessu hefur gengið eftir og því ljóst að áhrif kjarasamningsbundinna launahækkana á verðbólgu hafa verið stórlega ofmetin.

Framhlaðnir samningar

Enn er spáð mikilli aukningu í verðbólgu. Nýjasta spá Seðlabankans gerir ráð fyrir því að verðbólga verði komin í 3% í lok árs 2016 og verði yfir 4% á árinu 2017. Seinustu kjarasamningar voru framhlaðnir, þ.e. stærsti hluti launahækkunarinnar kom á fyrri hluta samningstímabilsins. Mynd 10 sýnir umsamdar launahækkanir en samtals hækkun í maí 2015 og janúar 2016 er tæp 12% sem er í takt við hækkun launavísitölu Hagstofunnar sem hefur hækkað um 13,4% seinustu 12 mánuði. Verðbólgan er enn nokkuð lág og ljóst að svigrúm fyrirtækjanna var meira en gert var ráð fyrir. Þau gátu því staðið undir stórum hluta umsaminna

Mynd 9 – Verðbólga á Íslandi og Bretlandi




Tafla 1 – Breytingar á ýmsum gjöldum árið 2012

	2011	2012	Br. í %
Áfengisgjald			
Bjór	86,90	91,33	5,1%
Léttvín	78,15	82,14	5,1%
Sterkt áfengi	101,74	106,93	5,1%
Tóbaksgjald			
Vindlingar	437,00	459,29	5,1%
Annað tóbak	21,85	22,96	5,1%
Kolefnisgjald			
Á gas- og díselolíu	4,35	5,75	32,2%
Á bensín	3,80	5,00	31,6%
Á brennsluolíu	5,35	7,10	32,7%
Steinolíugjald	0,00	54,88	-
Bensíngjald, samanlagt almennt og sérstakt	62,41	63,97	2,5%
Flutningsjöfnunargjald af	0,43	0,46	7,0%

Heimild: Viðskiptaráð Íslands og útreikningar VR

Mynd 10 – Umsamdar launahækkanir



Heimild: VR

* Hækkun launavísitölu VR milli mánaða í maí

launahækkana síðustu tveggja ára, án þess að velta þeim öllum út í verðlagið. Næstu tvær kjarasamningsbundnu launahækkningar eru öllu lægri en fyrri tvær og því mögulegt að stærstu áhrif launahækkanna séu þegar komin fram í verðlagi.

Hrávöruverð á stóran þátt í þeirri lágu verðbólgu sem verið hefur undanfarin tvö ár. Vísbendingar eru um að hrávöruverð sé aftur farið að hækka þó alls óvíst sé hversu mikil og langvarandi sú hækkun verður. Taki hrávöruverð kipp upp á við á næstunni er ljóst að slíkt mun hafa nokkur áhrif á verðbólgu á Íslandi.

Það þýðir að þó stærstur hluti umsaminna launahækkana sé þegar kominn fram og að íslensk fyrirtæki hafi getað tekið á sig þær hækkningar að miklu leyti, þá geti hækkun á heimsmarkaðsverði á hrávörum ásamt næstu umsömdum launahækkunum saman leitt til verðbólgu nokkuð yfir 2,5% markmiði Seðlabanka Íslands.

5. Bjartsýni meðal almennings og stjórnenda fyrirtækja

Væntingavísitala Gallup hefur hækkað mjög undanfarið ár og er gildi vísitalunnar í apríl í ár 131,1. Af þeim 182 mánuðum sem vísitalan nær yfir (frá mars 2001 til apríl 2016) hefur hún aðeins mælst hærrí í 12 skipti, þ.e. í 6,6% tilfella. Vísitalan mælir tiltrú og væntingar fólks til efnahagslífsins, atvinnuástandsins og heildartekna heimilisins. Ef gildi vísitalunnar er jafnt 100 þá gefur það til kynna að jafn margir svarendur eru bjartsýnir og svartsýnir. Í apríl 2016 hefur vísitalan verið yfir 100 samfleytt í níu mánuði.

Svipaða sögu er að segja um viðhorf stjórnenda fyrirtækja. Vísitala efnahagslífsins lýsir viðhorfi stjórnenda og telja þeir heilt yfir litið að staðan í atvinnulífinu sé góð en af 49 mælipunktum vísitalu efnahagslífsins hefur hún aðeins tvisvar mælst hærrí en í maí 2016. Það var í september 2004 og maí 2007. Þetta sýnir mynd 11.

Aukin bjartsýni á sér stað á sama tíma og mikill uppgangur er í efnahagslífinu en aukin atvinna ásamt aukningu í kaupmætti launa á sinn þátt í því að auka bjartsýni neytenda.

Mynd 11 – Væntingar heimila og stjórnenda fyrirtækja

